



# VARNIR GEGN ÞRÝSTINGSSÁRUM UNDAN HLÍFÐARBÚNAÐI

## FYRIRBYGGING

- Ekki er ráðlagt að vera með grímu og/eða hlífðargleraugu lengur en í 2-3 klst. samfleytt. Ef húð er viðkvæm er tími stytur.
- Í byrjun vaktar er fljótandi varnarfilma (t.d. Cavilon) borin á áhættusvæði í andliti og látin þorna í 90 sekúndur áður en umbúðir eða hlífðarbúnaður er notaður.

## NOTKUN UMBÚÐA

- Umbúðir eru aldrei notaðar undir grímu eða hlífðargleraugu ef ekki er hægt að tryggja þéttleika búnaðar.
- Hendur eru hreinsaðar fyrir og eftir meðhöndlun umbúða.
- Til að minnka þrýsting á húð er mælt með notkun þunnra svampumbúða með sílikonyfirborði (t.d. Mepilex Lite) eða sílikonplásturs (t.d. Siltape).
- Ef um húðrof er að ræða er notuð þunn sárakaka (t.d. Comfeel Plus Transparent).
- Ef umbúðir blotna, mengast eða eru skemmdar er hlífðarbúnaði afklæðst og skipt um umbúðir.

